

Nd.

329. Frumvarp til laga

[122. mál]

um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Fyrsta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16—67 ára, sem er heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenskt skip og er í þjóðkirkjusöfnuði, skal árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, kr. 9.00—36.00 á ári eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn. Gjaldskyldualdur miðast við áramót.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.